

þessa uppástúngu herra stiptamtmannsins, og vonar stjórnin einnig 1856.
 á ári hverju eptir skýrslu um upphæð á því, sem í nefndu 11. desemb.
 auginamiði er goldið úr jafnaðarsjóði umdæmisins handa sér-
 hverjum hreppi.

1. Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi, með breytingum, 1857.
lög 5. apríl 1850, um að útlendir gyðingar megi setj- 6. janúar.
ast að í ríkinu.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt:
 Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa al-
 þingis, um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum, lög 5.
 aprílm. 1850, um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu,
 bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Eins og það er innlendum gyðingum heimilt að setjast að
 á Íslandi, eins mega einnig útlendir gyðingar taka sér þar ból-
 festu, án þess að vera þeirra þar á landi sè bundin öðrum tak-
 mörkum, en þeim, sem eiga sér stað um veru annara útlendra
 manna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sè þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

2. Tilskipun um breyting á tilskipun 8. marzm. 1843, 6. janúar.
viðvíkjandi kosningum til alþingis.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunn-
 ugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa
 alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskip-
 unar um breyting á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosn-
 ingunum til alþingis, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Kosningarrétt til alþingis skulu hér eptir eiga:

a) allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra

1857.
6. janúar.

stétta; þó skulu þeir, sem með sérstaklegu lagaboði kynni að vera undanskildir þegnskyldugjaldinu, ekki fyrir það missa kosningarrétt sinn;

- b) embættismenn, sem annaðhvort hafa konúnglegt veitingarbréf, eða eru settir af stiptsyfirvöldunum á Íslandi;
- c) þeir sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, þó ekki sé þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir;
- d) kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rd. árlega;
- e) þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar eða bæjarþarfa að minnsta kosti 6 rd. árlega.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi þá hæfilegleika til að bera, sem til eru teknir í tilskipun 8. marzm. 1843, 4. gr., og hefir einnig, þegar kjósa skal, verið heimilisfastur í kjördæminu í eitt ár. Ekki getur heldur sá átt kosningarrétt, sem þiggur af sveit eða hefir tekið sveitarstyrk, nema hann sé annaðhvort endurgoldinn eða gefinn honum upp.

2. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem kosningarrétt hefir samkvæmt 1. gr., ef hann, auk þeirra hæfilegleika, lútandi að honum sjálfum, sem taldir eru í tilskipun 8. marzm. 1843, 4. og 5. greinum, enn fremur fullnægir þeim kröfum, sem gjörðar eru í nýnefndri 5. grein Nr. 1, 4 og 5. Þó má þann kjósa, sem á heimili utan kjörþingis, eða verið hefir í því skemur en eitt ár.

3. gr. Prestur hver skal með hreppstjórum eptir ráðstöfun kjörstjóra semja nákvæma skýrslu yfir alla þá menn í sóknum hans, sem kosningarrétt hafa og kjörgengir eru eptir framan greindum reglum. Skal skrá þessi fyrst tilgreina þá, sem kosningarrétt hafa, með nöfnum, aldri, stétt og heimili, og síðan þá aðra, sem kjörgengir eru. Í Reykjavík skulu dómkirkjupresturinn og forstjóri bæjarfulltrúanna semja skrá þessa, og þegar sveitarstjórn kemst á í Íslandi, skal forstjóri hreppsnefndarinnar hafa þessa sýslu á hendi ásamt prestinum, eða, ef presturinn er forstjóri hreppsnefndarinnar, með öðrum manni úr hreppsnefndinni, sem til þess er kjörinn.

1857.

6. janúar.

4. gr. Þegar nafnaskrár þessar eru samdar, skal kjörstjóri með þeim 2 mönnum, er hann samkvæmt tilskipun 8. marzm. 1843, 16. gr., kveður sér til aðstoðar í kjörstjórninni, rannsaka þær og leiðrétta, ef þörf er á, og skal síðan semja aðalskrá yfir alla þá menn, sem kosningarrétt eiga og kjörgengir eru í gjörvöllu kjördæminu, eins og til er greint í tilskipun 8. marzm. 1843, 18. gr. Að öðru leyti skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marzm. 1843 um það, hvernig leggja eigi fram kjörskrárnar og skera úr mótmælum gegn þeim, og að endingu leiðrétta þær. Þar á móti fellur sú ákvörðun úr gildi, sem gefin er seinast í 23. gr. í nefndri tilskipun, um að senda skrá yfir þá, sem kjörgengir eru, til hinna annara kjörstjóra í amtinu.

5. gr. Enginn má kjósa þann, sem utan kjörþingis býr, nema það sé sannað fyrir kjörstjórum, að hann sé kjörgengur og vili takast kosninguna á hendur í því kjördæmi og engu öðru.

6. gr. Sérhver sá, sem til kosninga gengur, skal nefna þann með nafni, sem hann kýs til aðalþingmanns, og eins þann, er hann kýs til varaþingmanns.

7. gr. Enginn er rétt kjörinn aðalþingmaður eða varaþingmaður nema því að eins, að hann hafi hlotið meira en helmíng allra þeirra atkvæða, sem greidd eru á kjörþinginu. Fáir enginn svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum; fáir þá enn enginn meira en helmíng atkvæða, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirra tveggja, sem við hina seinni kosningu höfðu flest atkvæði. Sé svo, að fleiri en tveir hafi við aðra kosningu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða milli þeirra; sama er um, ef tveir við þriðju kosning fá jafnmörg atkvæði.

8. gr. Skaptafells-sýslu skal hér eptir vera skipt í 2 kjördæmi, eptir sömu merkjum, sem henni hingað til hefir verið skipt í tvo kjörhluta. Hvort um sig af þessum kjördæmum kýs einn alþingismað og einn varaþingmann. Sýslumaðurinn er kjörstjóri í hvorutveggja kjördæmi.

9. gr. Að öðru leyti stendur við það, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marzm. 1843 um kosningar til alþingis.

1857.
6. janúar.

10. gr. Tilskipun þessi fær gildi þegar kjósa skal í næsta skipti, eptir að kosningartími hinna núverandi alþingismanna er um liðinn.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða. Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir tilskipun þessari.

Eptir að frumvarp til tilskipunar um breytingu á tilskipun 8. marz 1843, viðvíkjandi kosningum til alþingis, hafði verið lagt fyrir alþing árið 1855, og rædt á lögboðinn hátt, lét þingið allraþegnsamlegast í ljósi álit sitt um þetta frumvarp, og viðurkenndi um leið í einu hljóði með allraþegnsamlegastri þakklátsemi, að frumvarpið í öllum verulegum atriðum væri uppfylling af óskum og vonum þingsins 1853. Þingið beiddi því um, með 20 atkvæðum gegn 4, að frumvarp þetta með nokkrum breytingum og viðaukum mætti fá lagagildi fyrir Ísland, og stakk því uppá:

1) með 12 atkvæðum gegn 9:

að í 1. gr. staflíð *a* í stað orðanna: „til ríkissjóðsins“ væri sett: „til allra stétta“.

Þó orðatiltæki þessi bæði innibindi í sèr hið sama, þar sem enginn sá geldur gjöld til allra stétta, sem ekki ásamt geldur nokkuð til ríkissjóðsins, áleit þingið engu að síður að réttara væri að skipta um þau, þar orðin „til allra stétta“ eru öllum gjaldþegnum kunn frá alda öðli, en hin orðin ekki, og gæti því hæglega skeð, að þeir þar við sameini allt aðra hugmynd, en þá réttu.

2) með 15 atkvæðum gegn 6:

að við enda staflíðsins væri bætt: „þó einhverir sökum sérstaklegra lagaboða sè undanskildir þegnskyldugjaldinu, missa þeir ekki kosningarétt sinn fyrir það“.

Þessum viðbæti stakk þingið uppá í því skyni, að ekki yrði útilokaðir frá kosningum hreppstjórar og gamlir stúdentar, sem með sérlegri löggjöf eru þegnskyldugjaldi undan þegnir.

1857.

6. janúar.

- 3) með 16 atkvæðum gegn 5:
að orðin: „og þurrabúðarmenn“ í staflíð *d* í 1. gr. sé tekin burt, og að sömuleiðis orðin: „og standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk“, í sama staflíð, falli úr.

Þessar uppástúngur þingsins fljóta beinlínis af því, sem þingið stúngur uppá undir staflíð 4 og 5.

- 4) sömuleiðis með 16 atkvæðum gegn 5:
að nýjum staflíð væri bætt inn í greinina, svo hljóðandi:
„e) þurrabúðarmenn, sem að minnsta kosti gjalda til sveitar eða bæjar þarfa 6 rd. árlega“.

- 5) með 17 atkvæðum gegn 4:
að við enda 1. greinar væri bætt, sem almennum kjörkosti:
„og þar að auki hvorki þiggur af sveit, nè stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk“.

- 6) með 14 atkvæðum gegn 7:
að byrjun 4. greinar væri orðuð þannig: „þegar nafnaskrárnar eru samdar, skal kjörstjóri, með þeim 2 mönnum, er hann samkvæmt tilskipun 8. marz 1843 gr. 16 kveður sér til aðstoðar í kjörstjórninni, rannsaka þær“ — o. s. frv.

Með þessari breytingu vildi þingið koma í veg fyrir, að kjörstjórar gæti kvadt sér til aðstoðar við rannsókn nafnaskrárna aðra en þá, sem síðan takast í kjörstjórnina með kjörstjóranum. Þingið áleit, að þetta væri ekki meiníng frumvarpsins, en þaræð það væri ekki ljóst, og þaræð þínginu þótti æskilegt, að öll kjörstjórnin sé frá upphafi kunnug öllu því, sem fram fer kosningum viðvíkjandi, hélt þingið að fallast ætti á orðabreytingu þessa.

- 7) með 17 atkvæðum gegn 4:
að upphaf 7. greinar til enn meiri skýringar orðist þannig:
„Enginn er rétt kjörinn aðalþíngmaður eða varaþíngmaður, nema“, o. s. frv.

- 8) með 13 atkvæðum gegn 7:
að til þess að koma í veg fyrir, að kjördæmin nokkurn tíma missi af þíngmanni, væri á milli 7. og 8. greinar frumvarpsins sett ný grein þannig orðuð: „Hvenær sem hvort heldur aðalþíngmaður eða varaþíngmaður, sem hefir gengizt

1857.
6. janúar.

undir kosningar, deyr, algjörlega forfallast, missir þingsetu, eða segir henni af sér, þá skulu tafarlaust nýjar kosningar fram fara til að kjósa þingmann í hans stað".

Viðvíkjandi þessum uppástúngum alþingis gjörði stjórnarráðið þá athugasemd, að þær sem taldar eru undir staflíð 1, 2, 3 síðasta hluta, 5, 6 og 7, væru að álíta sem orðabreytingar, og þó frumvarpið naumast yrði mikið bætt við þær, áleit stjórnin þó enga ástæðu til að vera þeim mótfallinn, og mælti hún því fram með þeim, þó á þann hátt, að viðaukar þeir, sem taldir eru undir staflíð 2 og 5, væri þannig orðaðir, að þeir ætti betur við, en ef farið væri eptir orðaskipun alþingis.

Aptur á móti þótti uppástúnga alþingis í staflíð 4, samannborin við staflíð 3 fyrri hluta, verulegri. Þingið hefir hér nefnilega ítrekað uppástúngu sína, sem það gjörði 1853, um að þurrabúðarmenn ætti að gjalda til sveitar 6 rd. til þess að hafa kosningarétt, þar sem frumvarpið hafði ekki stungið uppá meira en 4 rd. Alþingi hefir þessu viðvíkjandi getið þess, að eins og nefndin, sem sett var 1853 um þetta málefni, ekki hafi viljað veita þurrabúðarmönnum kosningarétt, eins hafi nefndin, sem nú var sett í málið, fundið það ísjárvert, að veita þurrabúðarmönnum kosningarétt með sömu kjörum og borgurum verzlunarstaðanna, þar fleiri af þurrabúðamönnum eru þángað komnir úr ýmsum hærudum landsins, og sumstaðar, t. a. m. í Reykjavík, væri fjöldi þeirra svo mikill (140 : 60), að óttast mætti fyrir, að þeir kynni hafa allt of mikla verkun á kosningarnar, ef þeirra kjör-kostum væri ekki að öðru leyti meira þraungvað, en borgaranna.

Konungsfulltrúinn hefir sett sig á móti, að þessi uppástúnga væri tekin til greina, og hefir hann einkum tekið fram, að bæði væri það óeðlilegt og ósanngjarnt að þurrabúðamenn, sem eru minna metnir og fjáðir en kaupstaðaborgarar, skyldu gjalda meira til sveitar til þess að hafa kosningarétt. Það var einnig þessi skoðun, og svo það, að flestum þurrabúðamönnum mundi verða bægt frá kosningarétti, ef ákveðið væri að þeir skyldu gjalda 6 rd., sem á sínum tíma kom innanrikisstjórninni til að stúnga uppá því, að upphæðin væri lækkuð til 4 rd. En

þaræð þíngið optar, og nú með 16 atkvæðum gegn 5, hefir staðið fast á, að kjörkostum þurrabúðamanna væri þraungvað á þenna hátt, þótti stjórninni ekki næg ástæða til að fella þessa uppástúngu, þar svo liti út, sem þínginu þætti svo mikið í hana varið. 1857.
6. janúar.

Þar sem alþing í staflíð 8 hafði stungið uppá, að nýjar kosningar skyldu fram fara, þegar annaðhvort aðalþingmaður eða varalþingmaður gengi úr, þá varð stjórnin að vera konungsfulltrúa samdóma í því, að þessi ákvörðun, sem einnig sætti mótmælum af þingsins hálfu, þar ekki var fallizt á hana nema með 13 atkvæðum gegn 8, með engu móti ætti við í tilskipuninni, því eptir því sem ástatt er á Íslandi mundi af því leiða mikið ómak og tímaspillir fyrir þá sem kjósa eiga, eins og það einnig hefði mikinn kostnaðarauka í för með sér.

3. Opið bréf, um að stofna bygginganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri. 6. janúar.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að stofna bygginganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á verzlunarstaðnum Akureyri skal stofna bygginganefnd. Í henni skulu vera þessir menn: sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu, tveir menn af íbúum verzlunarstaðarins, er kosnir sè, með umsjón sýslumannsins, af þeim er lóð eiga á verzlunarstaðnum, og enn tveir af íbúum verzlunarstaðarins, er amtmaðurinn álfur til þess hæfa; og á hann öðrum fremur að nefna til þessa þá menn, er bera skyn á húsasmíði, ef til eru.

2. gr. Sérhver sá, sem náð hefir fullum lögaldri, og hefir óflekkað mannorð, og ekki er sviptur umráðum fjár síns, á rétt á því að taka þátt í kosningu til bygginganefndarinnar, og er kjörgengur til hennar, ef hann á trèhús eða steinhús (kaupstaðarhús) á lóð verzlunarstaðarins; þó mega verzlunarstjórar kjósa